



Umsögn

Efni: Tillaga stjórnar SORPU bs. um greiðslur stofnframlaga frá eigendum

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Í erindi SORPU bs. til borgarráðs, dags. 25. júní 2020, er þess farið á leit að eigendur félagsins samþykki að greiða SORPU bs. stofnframlög að fjárhæð 1.000 m.kr. til að takast á við vanda vegna ófjármagnaðra fjárfestinga félagsins. Fjárfestingarnar sem um ræðir eru gas- og jarðgerðarstöðin (GAJA) og kostnaður vegna tækjabúnaðar í móttöku- og flokkunarstöð (MTFS) í Gufunesi. Heildarfjárfesting þessara verkefna er 6.145 m.kr. eða 5.312 m.kr. vegna GAJA og 833 m.kr. vegna MTFS. Kostnaður vegna verkefnanna hefur farið töluvert fram úr áætlunum. Gert er ráð fyrir að framlagt stofnfé eigenda og hlutfall Reykjavíkurborgar m.v. íbúafjölda 1. desember 2019 verði með eftirfarandi hætti:

Framlögð stofnframlög og hlutfall Reykjavíkurborgar		
Tímabil	Fjárhæð	Hlutfall Reykjavíkurborgar
Júlí 2020	300.000.000	169.017.098
September 2020	200.000.000	112.678.065
Á árinu 2021	500.000.000	281.695.163
Samtals	1.000.000.000	563.390.326

Upphafleg áætlun fyrir GAJA og MTFS frá árinu 2014 gerði ráð fyrir að eigendur myndu leggja til 500 m.kr. í stofnframlög. Stofnframlög frá eigendum hafa einungis aukist um 50 m.kr. og nema samtals 550 m.kr. í stað 700 m.kr. eins og áætlanir gerðu ráð fyrir árið 2018. Í tillögunni er gert ráð fyrir að ný stofnframlög eigenda verði 1.000 mkr. vegna þeirra fjárfestinga sem hafa átt sér stað á undanförunum árum og fjárfestinga til næstu fimm ára, skv. endurskoðaðri fjárfestingaráætlun Sorpu.

Í erindi SORPU er einnig farið yfir endurskoðun á staðfestri fjárfestingaráætlun en hún tekur mið af því að tryggja fulla virkni GAJA með nýju vinnsluferli og breytinga sem leiða af lokun urðunarstaðar í Álfsnesi. Í endurskoðaðri áætlun er ekki gert ráð fyrir nýrri urðunarrein né stofnframlögum vegna hennar en í staðfestri fjárfestingaráætlun nam áætlaður kostnaður vegna urðunar 1.150 m.kr. og er því um að ræða lækkun á áætluðum stofnframlögum um 150 m.kr. vegna þessa.

Fjármála- og áhættustýringarsvið álitur rétt að verða við tillögu stjórnar SORPU um aukin stofnframlög vegna ófjármagnaðra fjárfestinga félagsins. Stofnframlögin gera SORPU kleift að halda niðri frekari lántökum og gera upp skammtímaskuldir félagsins sem hafa orðið til vegna fjárfestinganna. Til að gera upp skammtímaskuldir félagsins að fullu er gert ráð fyrir að taka 300 m.kr. að langtímaláni. Í ljósi þess hversu þungt fjármagnsliður SORPU vegur í rekstri félagsins og afborganir af lánum eru háar þykir FÁST rétt að skoðað verði til hlítar hvort ástæða þykir til að leggja félaginu þessar 300 m.kr. einnig til í

stofnframlög til að léttu á fjármagnskostnaði þess til framtíðar. Þá er hins vegar ljóst að tryggja þarf sjálfbærni í rekstri félagsins með breyttum áherslum og aðgerðum, meðal annars með breytingu á gjaldskrá fyrir móttöku, meðhöndlun og vinnslu sorps en í núverandi mynd er rekstur SORPU með öllu ósjálfbær.

Haldóra Káradóttir,
sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs